

2. ágúst 1977.

469

Nr. 296.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 173 20. desember 1967 um hverjar vörur lyfsalar einir og lækningar (dýralækningar), er rétt eiga eða leyfi hafa til lyfsölu, mega hafa á boðstólum, selja eða afhenda.

1. gr.

Bráðabirgðaákvæði reglugerðarinnar hljóði svo:

Þar sem lyfjabúð (lyfjaútibú, lyfjaútsala) er í umdæmi skal hún ein annast sölu dýralyfja og héraðslækningar ef þeir óska þess.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum 40. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. ágúst 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

2. ágúst 1977.

Nr. 297.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 338 20. nóvember 1973 um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja.

1. gr.

Í stað síðustu málsgreinar í Viðauka 1 „Eftirtalin lyf....6. Vaccina.“ Komi: Heimilt er að láta úti án lyfseðils lyf, sem innihalda Thiabendazol og Tetramisol.

Ekki er heimilt að láta úti án lyfseðils Phentiazinum eða Piperazinum nema í blöndu með Tetramisol og Thiabendazol.

Eftirtalin sera og vaccina er heimilt að láta úti án lyfseðils:

- a) Garnaveikibóluefni, sem fer eftir reglugerð um bólusetningu sauðfjár til varnar garnaveiki nr. 207 30. september 1966, sbr. og auglýsingu nr. 186 16. nóvember 1967 um viðauka við sólureglugerð.
- b) Bráðapestarbóluefni.
- c) Bóluefni gegn lambablóðsött.
- d) Bóluefni gegn lungnapest.
- e) Sermi gegn lambablóðsött.

Önnur sera og vaccina verði lyfseðilsskyld.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 23. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. ágúst 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

Nr. 298.

29. júlí 1977.

AUGLÝSING**um afgreiðslutíma Akureyrar Apóteks og Stjörnu-Apóteks, Akureyri.**

Samkvæmt heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal almennur afgreiðslutími Akureyrar Apóteks og Stjörnu Apóteks, Akureyri, vera sem hér segir:

Mánudaga—fimmtudaga	kl. 9—18
Föstudaga	kl. 9—19

Auk framangreinds almenns afgreiðslutíma skulu lyfjabúðirnar vera opnar til skiptis, eina viku í senn, sem hér segir:

Mánudaga—föstudaga	kl. 18—19
Laugardaga	kl. 11—12 og 20—21
Helgidaga og almenna fridaga	kl. 11—12 og 20—21
Aðfangadag og gamlársdag	kl. 9—12 og 20—21

Einnig skulu lyfjabúðirnar annast neyðarvakt (kallvakt) að næturlagi á þeim tíma, sem ekki er opið samkvæmt framangreindu, og skulu þær annast þessa neyðarvakt til skiptis, eina viku í senn.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. júlí 1977.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ragnhildur E. Þórðardóttir.

Nr. 299.

15. ágúst 1977.

AUGLÝSING**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á kolmunnaafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júlí til 31. desember 1977.**

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á kolmunnaafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júlí til 31. desember 1977:

Mjöl, \$ 6,45 á próteineiningu í lest.

Lýsi, \$ 450,00 fyrir hverja lest.

Verðbil verður 15%.

Verðin miðast við Cif., og gerast upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, \$ 1 = 194.50.